


**Rannsóknir á seiðastofnum
Sæmundarár árið 2000**

Bjarni Jónsson

Hólum, ágúst 2000

VMST-N-00011



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

**Rannsóknir á seiðastofnum
Sæmundarár árið 2000**

Bjarni Jónsson

Hólum, ágúst 2000

VMST-N-00011

Inngangur

Gerð var athugun seiðastofnum í Sæmundará 23.- 24. júlí 2000. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu í Sæmundará. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand fiskistofna Sæmundarár. Lægð hefur verið í laxastofnum Sæmundarár undanfarin ár og er nú unnið að átaki til að efla laxastofna árinna. Skýrslan er unnin fyrir lok veiðitíma og einkorðast því við seiðabúskap árinna.

Aðferðir

Ástand seiðastofna í Sæmundará var kannað með rafveiðum. Í júlí 2000 var rafveitt á 10 stöðum í Sæmundará. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár. Einnig var veitt aftur á nýjum rafveiðistað í ánni rétt ofan við ós við Miklavatn (Bjarni Jónsson, 2000, VMST-N-00004). Stærð rafveiðistaða var á bilinu 540 m²- 875 m² en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

Niðurstöður rafveiða

Efsti staðurinn sem rafveitt var á nú í sumar var fyrir ofan Fjallfoss (staður 4; mynd 1). Á þessum stað veiddust ekki laxaseiði, en þar voru vorgömul bleikju- og urriðaseiði ásamt eins árs urriðaseiðum (Töflur 2 og 3; myndir 3a og 4a).

Fyrir neðan Fjallsfoss, stað 5 (mynd 1) veiddust eins árs laxaseiði úr hrygningu haustið 1998 (Tafla 1; mynd 2a). Þessara seiða varð ekki vart sem vorgamalla seiða síðastliðið sumar (Bjarni Jónsson, 2000). Auk laxaseiða voru á svæðinu vorgömul bleikjuseiði og ársögömul urriðaseiði (Töflur 2 og 3; myndir 3a og 4a).

Rafveitt var ofan ármóta Skarðsár, stað 6 (mynd 1). Tveir árgangar laxaseiða veiddust á þessu svæði, en þó ekki í miklum þéttleika, eins,- og tveggja ára laxaseiði (Tafla 1; mynd 2a). Töluvert veiddist af vorgömlum bleikjuseiðum og vottur af vorgömlum og árgömlum urriðaseiðum á kaflanum (Töflur 2 og 3; myndir 3a og 4a).

Við ármót Sæmundarár og Skarðsár, stað 7 (mynd 1) varð ekki vart við laxaseiði. Hinsvegar var þar mikið af vorgömlum bleikjuseiðum, tveggja ára bleikjuseiði og vottur af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum (Töflur 2 og 3; myndir 3b og 4b).

Veitt var á móts við Auðnir, stað 9 (mynd 1). Á því svæði var nokkuð af eins árs laxaseiðum, en ekki veiddust þar aðrir árgangar (Tafla 1; mynd 2a). Mikill þéttleiki mældist af vorgömlum bleikjuseiðum (Tafla 2; mynd 3b) og þrír árgangar urriðaseiða komu fram í veiðunum, vorgömul, eins árs,- og tveggja ára seiði (Tafla 3; mynd 4b).

Við Fosshól, stað 10 (mynd 1) varð ekki vart við laxaseiði fremur en sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, 2000). Vorgömul bleikjuseiði veiddust við Fosshól (Tafla 2; mynd 3b) og þrír árgangar urriðaseiða, vorgömul, eins,- og tveggja ára seiði (Tafla 3; mynd 4b).

Á rafveiðistað við Varmaland, stað 11 veiddust vorgömul laxaseiði, auk eins,- tveggja,- og þriggja ára laxaseiða (Tafla 1; mynd 2b). Þetta var jafnframt efsti staðurinn þar sem fundust vorgömul laxaseiði nú í sumar. Við Varmaland voru einnig vorgömul og eins árs bleikju,- og urriðaseiði (Töflur 2 og 3; myndir 3c og 4c).

Við Geirmundarstaði, stað 12 (mynd 1) varð einungis vart við tveggja ára laxaseiði (Tafla 1; mynd 2b). Þar veiddust og eins,- og tveggja ára bleikju,- og urriðaseiði (Töflur 2 og 3; myndir 3c og 4c).

Athugunarstaður við Mel, staður 13 (mynd 1) var annar tveggja staða þar sem vart var við vorgömul laxaseiði nú í sumar í Sæmundará. Á þessum kafla veiddust einnig eins,- og tveggja ára laxaseiði (Tafla 1; mynd 2b). Vottur var af vorgömlum bleikjuseiðum á þessum stað auk vorgamalla og eins árs urriðaseiða (Töflur 2 og 3; myndir 3c og 4c).

Eins og sumarið 1999 var veitt nokkru ofan við ós við Miklavatn, stað 14 (mynd 1). Ekki veiddust laxaseiði á þessum kafla að þessu sinni. Hinsvegar varð vart þar vorgamalla og eins árs urriðaseiða (Tafla 3; mynd 4c).

Umræða

Laxastofnar Sæmundarár hafa verið í lægð í allmörg ár. Menn eru hinsvegar samtaka um það nú að byggja þá upp á nýjan leik. Það gerir endurreisnarstarfið erfiðara hve lax hefur almennt verið að skila sér illa í ár á Norðurlandi síðustu árin og þá sérstaklega nú í sumar og síðastliðið sumar. Þannig hafa jafnvel góðir gönguseiðaárgangar í sumar ár skilað litlu til baka úr hafi. Þar sem seiðabúskapur hefur verið slakari hefur ástandið verið verst. Í allnokkrum ám hefur skort á nýliðun og hefur Sæmundará verið þar á meðal. Svo virðist sem að breytt umhverfisskilyrði í hafi séu aðal orsakavaldurinn að þessari niðursveiflu í laxveiði. Hefðbundnar viðmiðanir sem notaðar hafa verið til að dæma um skilyrði í hafi hafa ekki haft sama spágildi og áður. Það gæti því verið um að ræða áður óþekkta áhrifaþætti á lykilsvæðum sem laxinn fer um. Það er ljóst að enn frekara átak þarf í að rannsaka lífsferil laxins í sjónum og þær vistir sem hann þar nýtir.

Í rafveiðunum í sumar varð vart við vorgömul laxaseiði á tveimur stöðum, við Varmaland og Mel. Þau kunna þó að hafa verið víðar því það tekur nokkurn tíma fyrir seiðin að dreifa sér um ána. Þannig var nú nokkuð af eins árs laxaseiðum í efri hluta árinna sem ekki varð vart í fyrra. Seiðaþéttleiki í ánni er almennt mjög lítill líkt og sumarið 1999. Það var því mikilvægt að finna náttúrleg laxaseiði í ánni í efri hlutanum, en þar er hættan mest á að laxinn missti fótfestu. Ástandið er einna daprast á kaflanum frá ármótum við Skarðsá og niður fyrir Fosshól. Það vakti athygli að það skyldu veiðast laxaseiði í Sæmundará rétt ofan við ós við Miklavatn síðastliðið sumar en áður var talið að þar væru ekki laxaseiði (Bjarni Jónsson, 2000). Ekki varð þar vart við laxaseiði nú. Þrátt fyrir að veiði hafi verið fremur rýr í Sæmundará síðastliðið sumar þá var vitað að allnokkuð af laxi kom í ána eftir veiðitíma. Enn á eftir að koma að fullu í ljós hvernig nýliðun síðasta hausts skilar sér áfram

Ástand bleikju og urriðaseiða var gott samanborið við fyrri ár og þau útbreidd um ána. Bleikjuseiði veiddust á öllum athugunarstöðum í Sæmundará utan neðsta staðnum, en urriðaseiði á þeim öllum. Þessar tegundir njóta væntanlega góðs af því hve lítið hefur verið af laxaseiðum í ánni. Þess gæti gætt í veiði á næstu árum.

Þokkaleg ganga hefur verið úr Sæmundará af laxaseiðum nú í sumar og líklega betri en síðastliðið sumar. Sleppiseiðin sem eftir voru í ánni hafa nú gengið út og þá sem þriggja ára seiði. Það er hinsvegar æskilegt til að árangur náist að smáseiði sem sleppt er séu tilbúin að ganga í sjó tveggja ára gömul. Hér ræður stærð seiðanna við sleppingu og gæði nokkru um. Þess má vænta að það verði aðallega seiði úr neðri hluta árinna sem ganga muni í sjó næsta sumar og að sú ganga verði nokkru minni en í ár.

Mikil flóð voru í Sæmundará í vor og geta þau hafa höggvið skarð í seiðabúskap árinna. Áin flæddi svo mjög að hoplaxar bárust á land upp. Þetta gæti verið skýringin á því að ekki fundust nú laxaseiði í neðsta hluta árinna þar sem skjól er lítið.

Reynt verður að ná klakfiski í Sæmundará nú í sumar til að hraða uppbyggingu laxastofna árinna sem felast meðal annars í aðlögun að aðstæðum í Sæmundará. Frekari aðgerðir gætu orðið nauðsynlegar en það er þó ljóst að lax heldur velli um mestalla ána. Slíkt mun gera uppbyggingarstarfið auðveldara.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.


Staður nr.	Stærð	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
4	50x12 m				
5	50x12 m		0,5		
6	45x15 m		0,44	0,30	
7	55x15 m				
9	45x15 m		0,44		
10	40x20 m				
11	45x15 m	0,30	0,59	0,89	0,15
12	35x25 m			0,46	
13	40x20 m	0,13	0,13	0,25	
14	45x12 m				

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.




Staður nr.	Stærð	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
4	50x12 m	0,17			
5	50x12 m	0,5			
6	45x15 m	2,81			
7	55x15 m	5,21		0,12	
9	45x15 m	4,59			
10	40x20 m		0,25		
11	45x15 m	1,48	0,44		
12	35x25 m		0,46	0,11	
13	40x20 m	0,63			
14	45x12 m				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.




Staður nr.	Stærð	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
4	50x12 m	0,17	0,33		
5	50x12 m		0,5		
6	45x15 m	0,30	0,15		
7	55x15 m	0,12	0,36		
9	45x15 m	0,89	0,44	0,15	
10	40x20 m	2,25	0,63	0,13	
11	45x15 m	0,74	1,19		
12	35x25 m		0,23	0,11	
13	40x20 m	3,25	1,25		
14	45x12 m	0,19	0,56		






Mynd 1. Yfirlitskort af Sæmundará með rafveidistöðum






Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.






Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.






Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.






Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.






Mynd 3c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.




Mynd 4a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.



Mynd 4b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.



Mynd 4c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.



Mynd 4d: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sæmundará 23.-24. júlí 2000.